

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 72/2000**

**frá 2. október 2000**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2000 frá 28. júní 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/96/EB frá 13. desember 1999 um samræmingu laga aðildarríkjanna um ráðstafanir sem ber að gera til að stemma stigu við losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá þrýstikveikjuhreyflum til notkunar í ökutæki og losun mengandi lofttegunda frá rafkveikjuhreyflum, knúnum með jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi, til notkunar í ökutæki og um breytingu á tilskipun ráðsins 88/77/EBE<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/98/EB frá 15. desember 1999 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/79/EB um verndun ökumanns og farþega í vélknúnum ökutækjum við högg að framan<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 62 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 42, 21.9.2000, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 44, 16.2.2000, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 9, 13.1.2000, bls. 14.

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 44. lið (tilskipun ráðsins 88/77/EBE) í I. kafla í II. viðauka við samninginn:

„- **399 L 0096:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/96/EB frá 13. desember 1999 (Stjtið. EB L 44, 16.2.2000, bls. 1).“

*2. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 45v (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/79/EB) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **399 L 0098:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/98/EB frá 15. desember 1999 (Stjtið. EB L 9, 13.1.2000, bls. 14).“

*3. gr.*

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/96/EB og tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/98/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 2. október 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*G. S. Gunnarsson*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*